

## 12 EINBÝLISHÚS

### 12.1 Sérákvæði fyrir E1. Þingvað 1-35. Móvað 1-49.

#### **Fjöldi húsa og íbúða:**

43 hús, 43 íbúðir. Viðmiðunarstærð 170-210 m<sup>2</sup> án bílageymslu.

#### **Markmið:**

Markmið höfunda með einbýlishúsabyggðinni er að áframhalda lækkun byggðarinnar á mótí suðri, ásamt því að vera jaðarbyggð að viðkvæmu svæði Bugðu.

#### **Hönnun húsa og lóða:**

Í hluta byggingarreits er bundin byggingarlína. Þar er einungis heimilt að byggja eina hæð vegna skuggavarps á aðliggjandi lóð. Heimilt er að byggja tvær hæðir á 1/4 hluta byggingarreitsins, (sjá skýringarmynd). Auk þess sem hér stendur, er vísað til sameiginlegra ákvæða.

#### **Húshæðir og þök:**

Hæðir húsa skal miða við gólfkóta aðkomuhæðar (GK). Reikna skal með salarhæð a.m.k. 2,8 m. Þak yfir efstu hæðinni, má vera með einhalla, þó má hæð þaksins ekki fara yfir uppgefinn viðmiðunarkóta. (ÞK). Þök skulu vera flöt (halli 1:50) eða einhalla.

#### **Bílageymslur og bílastæði:**

Innbyggð bílageymsla skal vera í hverju húsi. Gera skal ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóðinni. Heimilt er að byggja tvöfalda bílageymslu. Gestastæði eru við húsagötu á borgarlandi.